

Föstudaginn 12. febrúar 1993.

Nr. 66/1993. S

gegn  
dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Kærumál. Sjálfræðissvipting.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1993, sem móttekin var í Hæstarétti 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 1993, að sóknaraðili skuli sviptur sjálfræði.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Kæruheimild er í 1. mgr. 10. gr. lögræðisлага nr. 68/1984.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. lögræðisлага greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Brynjars Níelssonar héraðsdómsslögmans, 25.000 krónur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. janúar 1993, er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með kröfu, þingfestri 15. desember 1992, þess efnis, að S [...], Reykjavík, verði sviptur sjálfræði.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar þær kröfur, að kröfunni verði hafnað. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun úr ríkissjóði, sem renni til lögmans varnaraðila.

Málsatvik eru þau, að dómsmálaráðuneytið hefur fjórum sinnum á árinu 1992 hlutast til um, að varnaraðili yrði vistaður á sjúkrahúsi á grundvelli 3. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðisлага, vegna geðveiki, en varnaraðili hefur verið ófáanlegur til þess að samþykkja slíka vistun. Hinn 27. nóvember sl. var varnaraðili síðast vistaður á sjúkrahús gegn vilja sínum að beiðni dómsmálaráðuneytisins, og bar varnaraðili þá ákvörðun ráðuneytisins undir Héraðsdóm Reykjavíkur. Úrskurður dómara féll á þann veg, að hafnað var kröfu varnaraðila um að fella niður ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um vistun varnaraðila á sjúkrahúsi.

Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð geðlæknanna Ingvars Kristjánssonar, dags. 1. júní 1992, 27. nóvember 1992 og 9. desember 1992, Ásgeirs Karlssonar, dags. 25. september 1992, og Halldórs Kolbeinssonar, dags. 28. júlí 1992. Að ósk varnaraðila kom Ingvar Kristjánsson geðlæknir fyrir dóminn, og staðfesti hann, að ofangreind vottorð frá 1. júní 1992, 27. nóvember 1992 og 9. desember 1992 væru rétt og væru frá sér. Í læknisvottorði frá Ingvari Kristjánssyni, dags. 9. desember sl., segir m. a.:

— — —  
 Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að brýna nauðsyn beri til að vista varnaraðila til meðferðar á sjúkrahúsi vegna geðsjúkdóms, sem hann er haldinn (psychosis schizo-affectiva). Hann hafi reynst ófáanlegur til þess að samþykkja slíka vistun, og hafi dómsmálaráðuneytið fjórum sinnum á árinu 1992 hlutast til um, að hann yrði lagður inn á sjúkrahús á grundvelli 3. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðisлага nr. 68/1984.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um sjálfræðissviptingu á a-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðisлага nr. 68/1984 og vísar um aðild sína að málinu til f-liðar 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila og byggir á því, að skilyrði 3. gr. lögræðisлага nr. 68/1984 um sjálfræðissviptingu eigi ekki við í máli þessu. Í máli þessu liggja fyrir faglegt mat lækna á geðheilsu varnaraðila. Varnaraðili telji hins vegar, hvað sem mati lækna líði, að ástand sitt sé ekki með þeim hætti, að nauðsynlegt sé að vista sig á sjúkrahúsi. Hann sé ekki hættulegur, hvorki sjálfum sér né öðrum, og ekkert liggja frammi í málinu, sem sanni, að hann verði að sæta vistun, út frá samfélagslegu sjónarmiði. Varnaraðili telji, að mál þetta snúist ekki um það, hvort einhverjir lækna telji sig geðveikan, heldur, hvort hann geti lifað í þessu samfélagi, án þess að hann sæti lækni meðferð að mati lækna. Því verði sóknaraðili að sanna, að svo sé ekki.

#### *Álit dómsins.*

Varnaraðili hefur komið fyrir dóm og mótmælt kröfu um sjálfræðissviptingu.

Þar sem varnaraðili hefur ekki verið fús til að leita sér lækninga við sjúkdómi sínum, hlýtur mál þetta að snúast um það, hvort lagaskilyrði séu til þess að svipta varnaraðila sjálfræði, svo að hann geti hlotið viðhlítandi meðferð við sjúkdómi sínum.

Í vottorðum geðlækna, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, kemur fram, að þeir telja varnaraðila vera haldinn geðsjúkdómi. Í vottorði Ingvars Kristjánssonar geðlæknis kemur fram, að hann telur varnaraðila haldinn langvinnnum geðsjúkdómi, sem oftlega krefjist vistunar á sjúkrahúsi, en innsæisbrestur hans og ósamvinnuþýðni hafi margsinnis leitt til endurtekinnar nauðungarvistunar á sjúkrahúsi, til þess að unnt væri að koma fram virkri meðferð. Í framburði Halldóru Ólafsdóttur geðlæknis, sem vel þekkir til varnaraðila og sjúkdóms hans, kemur fram, að hún telji, að sjúkdómur hans taki sig fljótt upp aftur, hætti hann allri lyfjameðferð, en lyf taki hann ekki sjálfviljugur við sjúkdómi sínum.

Það þykir því nægjanlega fram komið, að nauðsyn sé á að vista varnaraðila á sjúkrahúsi vegna heilbrigði hans sjálfs. Þar sem varnaraðili hefur ekki viljað samþykkja sjúkrahússvist í því skyni að fá viðeigandi meðferð við sjúkdómi sínum, verður ekki hjá því komist að svipta hann sjálfræði sínu samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 68/1984 um lögræði.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984 ber að greiða allan kostnað varnaraðila vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talda þóknun skipaðs talsmanns hans, Brynjars Nielssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 50.000 kr.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, S, f. 1955, skal sviptur sjálfræði.

Málskostnaður varnaraðila greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hans, Brynjars Nielssonar hdl, 50.000 kr.